

## 4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2003, 285,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 2.786.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 900, 18. desember 2002.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. október 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## AUGLÝSING

### um endurskoðað deiliskipulag frístundabyggðar – sumarhúsa- og skógræktarlóða – í landi Steðja í Hörgárbyggð.

Deiliskipulagið er um 30 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir 31 lóð fyrir frístundahús af stærðinni 35-80 m<sup>2</sup> og 12 skógræktarlóðum.

Deiliskipulagið hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi skipulag af sama svæði sem samþykkt var 12. júlí 1996.

*Hörgárbyggð, 15. október 2003.*

**Helga A. Erlingsdóttir**, sveitarstjóri Hörgárbyggðar.